

Tryggingafélög, sem óska eftir undanþágu samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar, skulu þegar eftir lok ársfjórðungs, skila skrá um tjón þau, sem um er að ræða, tryggingaupphæðir, söluverð, lánsfjárhæðir og lánstíma.

4. gr.

Nú kemst tryggingafélag, sem hætt hefur útgáfu líftryggingaskirteina hér á landi, í greiðsluvandræði vegna þeirra skuldbindinga, sem áður hafa verið lagðar á tryggingasjóð líftrygginga með lögum nr. 17/1964, og endurkaupir Húsnæðismálastofnun ríkisins þá íbúðalánabréf, sem tryggingasjóður líftrygginga hefur orðið að kaupa, þá aldrei fyrir hærri fjárhæð en sem svarar lækkun tryggingasjóðs líftrygginga að frádregnum afborgunum og útdregnum bréfum.

Ákvæði 3. málsg. 4. gr. laganna skulu, eftir því sem við getur átt, gilda um endurkaup bréfa samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Veðdeild Landsbanka Íslands annast sölu íbúðalánabréfa til tryggingafélaga fyrir Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Hafi Húsnæðismálastofnun ríkisins mismunandi tegundir verðbréfa á boðstólum, geta tryggingafélög valið þá tegund, er þau kjósa að kaupa.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 17 23. maí 1964, um ávöxtun fjár tryggingafélaga, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1965. Jafnframt eru úr gildi felldar reglur nr. 150 frá 14. júlí 1964, að undanskildum ákvæðunum um kaup íbúðalánabréfa vegna ársins 1964.

Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1964.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Helga Aðalsteinssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. des. 1964. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Helga Aðalsteinssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Helga Aðalsteinssonar. Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Helga Aðalsteinsson, bónda að Ytri-Másstöðum í Skíðadal. Hann var fæddur 14. marz 1922 og fórst í snjóflóði 3. nóv. 1955.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1961 af Rósu Guðmundsdóttur, Eskihlíð 12 B, Reykjavík og er stofnfé hans kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæk börn í Svarfaðardalshreppi, er missa föður sinn.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta í banka eða sparisjóði. Þó getur stjórn hans gert aðrar ráðstafanir í því efni, ef þurfa þykir, en ætíð skal hún sjá um, að trygging fyrir geymslu sjóðsins og ávöxtun sé nægileg og þess vandlega gætt, að sjóðurinn verði ekki fyrir nokkru tapi. Allir vextir ásamt gjöfum og öðrum tekjum sjóðsins skulu leggjast við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 20000.00. Þá má verja hluta þess, sem umfram er, til styrktar föðurlausum börnum, en stofnfé sjóðsins má aldrei vera minna en áður nefnd upphæð.

5. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal alla jafna fara fram á afmælisdegi Helga, 14. marz, en ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má úthluta úr sjóðnum hvenær, sem þörf krefur að mati sjóðstjórnar.

6. gr.

Sjóðurinn sé í umsjá Svarfaðardalshrepps og skulu reikningar hans fylgja reikningum hreppsins. Stjórn sjóðsins sé skipuð þremur mönnum. Sóknarpresturinn í Vallaprestakalli er oddamaður sjóðsins, en ný hreppsnefnd kýs að hverju sinni tvo menn í stjórnina og skal kjörtímabil þeirra vera sama og hreppsnefndar. Á sama hátt kýs hún tvo endurskoðendur sjóðsins.

7. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagskrá þessari.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Patrekshrepps.

Rafveita Patrekshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 4.50 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 2.25 hverja kwst., auk fastagjalds er nemur kr. 18.00 á ári af hverjum fermetra í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiðast af verzlunum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur, ganga og gripahús greiðast kr. 6.00 á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.15 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemur kr. 10.00 á mánuði af hverju íbúðarherbergi. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús, en ekki gangar, baðherbergi, þvottahús eða geymslur. Herbergi, sem eru minni en 7 m², skulu teljast sem hálf, og þau, sem eru minni en 5 m², skal sleppt, en herbergi, sem eru stærri en 25 fermetrar, skulu reiknast sem tvö. Þar sem önnur ljósanotkun en til heimilisþarfa kemur inn á heimilismæli, skal af slíku húsnaði reiknast fastagjald mánaðarlega af hverjum fermetra í rúmi því, er lýsa skal, sem hér segir:

Af verzlunum, vinnustofum, skrifstofum o. þ. h.	kr. 2.50
Af geymslum, göngum, gripahúsum og öðru þ. h.	— 5.50